

Kaup borgarinnar á húsnæði til útleigu:

Hvaða lánakjör standa til boða?

Eins og fram hefur komið í Þjóðviljanum eru nú uppi hugmyndir innan borgarstjórnarmeirihlutans um að festa kaup á notuðu húsnæði á almennum markaði og nýta sem leiguhúsnæði á vegum borgarinnar. Eins og kunnugt er lánar Húsnæðisstofnun ríkisins, 80% kostnaðar við byggingu leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaga. En hvaða lánakjör standa til boða þegar um er að ræða kaup á eldra húsnæði? Olafur Jónsson formaður

stjórnar Húsnæðisstofnunar sagði Þjóðviljanum í gær að um það giltu ekki fastar reglur. Það stæði opið og yrði að metast hverju sinni. Hins vegar væri til nýlegt fordæmi, á Höfn í Hornafirði keypti bærinn notað húsnæði og breytti í leigubúðir fyrir aldraða. Í því tilviki var bænum lánaður helmingur kaupverðs.

„Þetta fer eftir getu sjóðsins og aðstæðum kaupenda,” sagði Olafur, „en þetta verður áreiðan-

lega skoðað af mikilli vinsemd, enda er hér um að ræða mjög þarft skref í þá átt að vinna gegn þeim brýna vanda sem ríkir í málefnum leigjenda.”

Hann sagði að sama gildi um hugsanleg kaup annarra aðila, eins og samtaka leigjenda, á húsnæði í sama skyni, það yrði að metast sérstaklega hvernig lánað yrði til kaupanna í slíkum tilvikum.



Olafur Jónsson

Frá Styrktarfélagi vangefinna

á Austurlandi:

Vígsla félagsheimilis

Í júní s.l. var opnað vistheimilið Varmaland á Egilsstöðum, sem er þjónustumiðstöð fyrir þroskaheft fólk á Austurlandi.

Í tengslum við aðalfund styrktarfélags vangefinna á Austurlandi sem haldinn verður að Varmalandi 30. ágúst n.k. og hefst kl. 13.30 verður formleg vígsla heimilisins og hefst hún kl. 15.00 með sérstakri dagskrá, ræðum og söng.

„Ánægður með undirtektir fólks” segir Jakob Hafstein

Hólmsá vinsæl hjá stangveiðimönnum

„Ég er ánægður að sjá hversu margir hafa komið upp að Hólmsá og rennt fyrir fisk. Að visu hefur veðrið ekki verið uppá marga fiska undanfarna daga en það virðist ekki hafa aftrað öllum frá veiðinni”, sagði Jakob Hafstein fiskeldisfræðingur í gær.

Ljósmyndari Þjóðviljans leit við á bökkum Hólmsár í gær, en þar var fjöldi fólks að veiðum.

Að sögn Jakobs hefur eitthvað fengist af bæði sjóbirting og einnig laxi. „Sjálfsagt hefur eitthvað gengið niður Hellnavatn, en annars á að vera fiskur um alla ána. Ég ætla að fara uppeftir á morgun og setja restina af sjóbirtingum úti og einnig að bæta einhverju við af löxum,” sagði Jakob. — lg.



Þeir fedgar Gunnar Óskarsson og Gunnar Örn voru að koma til veiða. Þeir voru bjartsýnir á að fá fisk, enda veðrið orðið með besta móti.



Menn röðuðu sér á árbakkann báðumegin Hólmsár, og allir ætluðu að ná þeim stóra.



Sigriður Sigurðardóttir var að velja sér rétta spúninn þegar ljósmyndara bar að garði. Hún sagðist hafa séð til þess stóra. Annaðhvort væru þetta 5 laxar í hylum, eða þá hún hefði séð sama fiskinn 5 sinnum. Sigriður sagðist vera með mikla „veiðidelu”, hefði smítast á slumum tíma við Þingvallavatn og hefði mikið gaman af öllu saman.